

Um farvegi Jökulsár á Breiðamerkursandi á síðustu öldum
Snævarr Guðmundsson og Helgi Björnsson

Abstract — Jökulsá á Breiðamerkursandi er á meðal vatnsmestu vatnsfalla á Íslandi. Á meðan sandar á Suðausturlandi voru einungis reiðfærir og stórvötn öll óbrúuð, þótti Jökulsá á meðal illfærustu straumvatna landsins. Áður en áin gróf sig í stöðugan stökk á fjórða áratug 20. aldar átti hún til að flæmast um á sandinum, ýmist í mörgum álum eða falla fram í fáum straummiklum kvíslum. Sumir hinna gömlu farvega sjást enn báðum megin við núverandi farveg Jökulsár. Með nákvæmum kortum af Breiðamerkursandi má rekja legu þeirra víða um sandinn og út frá rituðum heimildum hvenær áin rann í þeim. Í þessari grein drögum við saman þennan fróðleik um farvegi Jökulsár á Breiðamerkursandi og kynnum kort sem sýnir hvar áin rann á ýmsum tímum á 19. og 20. öld.